

Ar 1985, miðvikudaginn 23.janúar, var í málínu nr. 19/1982 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

#### Ú R S K U R Ð U R :

Málavextir eru þeir, að á árunum 1981 - 1982 fóru fram makaskipti milli Reykjavíkurborgar og Seðlabanka Íslands á lóðinni nr. 2 við Ingólfsstræti, eign Reykjavíkurborgar og lóðinni nr. 2 við Sölvhóls götu, eign Seðlabankans. Um leið var lóðarskipan og skráningu breytt.


Eftir breytinguna taldist lóð bankans,  $4517\text{ m}^2$  að stærð, vera nr. 1 við Kalkofnsveg, en lóð borgarinnar nr. 3 við sömu götu og er hún  $2974\text{ m}^2$ . Á fyrrnefndri lóð hefur verið reist hús Seðla-bankans, en bílgeymsla á síðarnefndri lóð.


Að beiðni Reykjavíkurborgar tók Fasteignamat ríkisins ofangreindar lóðir til endurmats. Niðurstaða þess mats samkvæmt úrskurði frá 29.október 1982 var sú, að lóðin nr. 1 við Kalkofnsveg var metin á kr. 9.395.000,- og lóðin nr. 3 á kr. 5.353.000,- Reykjavíkurborg kærði úrskurð þennan til Yfirlasteignamatsnefndar í bréfi, dags. 3.desember 1982, og krafðist lækkunar á mati lóðarinnar nr. 3 við Kalkofnsveg.


Eins og áður er komið fram, hefur bílageymslu verið komið fyrir á lóðinni nr. 3 við Kalkofnsveg. Öljóst er, hvort frekari nýting lóðarinnar sé heimil, enda liggja ekki fyrir upplýsingar um framtíðarskipan svæðisins við Arnarhól. Ekki þykir þó rétt að draga frekar ákvörðun í málínu, sem má að sjálfssögðu taka upp á ný, þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir. Fasteignamat umræddrar lóðar ákveðst kr. 11.800.000,- í fasteignamati því, er tók gildi 1.desember 1983, og er þar miðað við, að byggja megi 1 hæð ofan á núverandi geymsluhús.

#### Ú R S K U R Ð A R O R D :

Fasteignamat lóðarinnar nr. 3 við Kalkofnsveg í Reykjavík ákveðst kr. 11.800.000,- í fasteignamati því, er tók gildi 1.desember 1983.

  
Gaukur Jökundsson

  
Guðmundur Magnússon

  
Bjarni K. Bjarnason